

## 4. gr.

Reglugerð þessi tekur eigi til sendiferðabifreiða. Enn fremur tekur reglugerðin ekki til vörubifreiða, sem eru eign einstakra atvinnufyrirtækja og eigi eru notaðar til leiguaksturs.

## 5. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 frá 9. maí 1970 um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 18. júní 1973.*

**Hannibal Valdimarsson.**

*Kristinn Gunnarsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 79 frá 27. maí 1960 um skipan gjaldeyris- og innflutningsmála o. fl. með áorðnum breytingum.**

## 1. gr.

5. grein orðist svo: Hver sá, sem fær gjaldeyris og/eða innflutningsleyfi greiði viðskiptabönkum 0,5% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um, þó aldrei minna en 25 kr. fyrir hvert einstakt leyfi. Af gjaldeyrisleyfum fyrir ferðakostnaði skal leyfisgjaldið þó vera 1%. Af leyfum fyrir benzíni og olíum tollskrárnúmer 27.09.00, 27.10.10, 27.10.29, 27.10.40 og 27.10.50 skal leyfisgjaldið þó aðeins vera 0,1% af fjárhæð þeirri, sem leyfið hljóðar um. Leyfisgjaldið greiðist við afhendingu leyfanna.

Framsál gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfa er háð samþykki viðskiptabankanna. Óheimilt er að bjóða til sölu eða selja gjaldeyris- og/eða innflutningsleyfi.

## 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 30 25. maí 1960 um skipan innflutnings- og gjaldeyris mála o. fl. sbr. 6. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967 og öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 18. júní 1973.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Þórhallur Ásgeirsson.*

**REGLUGERÐ**

**um innheimtu og skil á meðlögum o. fl. á vegum Innheimtustofnunar sveitarfélaga.**

## 1. gr.

Tryggingastofnun ríkisins skal senda Innheimtustofnun sveitarfélaga alla meðlagsúrskurði, skilnaðarleyfisbréf og skilnaðarsamninga, sem skylda barnsfeðra um meðlagsgreiðslur er byggð á.